Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bjarni Benediktsson, bréf til hæstaréttardómara 7.desember 1933

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Bréf – Hæstaréttardómari – Lagadeild Háskóla Íslands

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-2, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 7. desember 1933.

Háttvirti herra hæstaréttardómari!

Á fundi lagadeildar Háskóla Íslands í dag var mér, sem núverandi deildarforseta, falið að tjá yður hinar beztu þakkir fyrir yðar höfðinglegu gjöf deildinni og laganemum til handa. Er deildinni sérstök ánægja og sómi að þiggja slíka gjöf frá yður, vegna hinna miklu starfa yðar og umhyggju hennar vegna fyr og síðar. Að sjálfsögðu mun verða farið að óskum yðar um samning skipulagsskrár, og hefur prófessor Ólafur Lárusson tekið það verk að sér. Áður en vér kennararnir samþykkjum skipulagsskrána til fulls munum vér fara þess á leit við yður, að þér athugið uppkastið og segið um það yðar álit. — Loks vildi ég leyfa mér að nota tækifærið og flytja yður alúðarfyllstar þakkir frá mér persónulega fyrir alla þá vinsemd, sem þér hafið sýnt mér frá því kynni okkar hófust.

Með mikilli virðingu og vinsemd

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur